GJALDSKRÁ
fyrir fráveitugjald í Húnaþingi vestra

1. gr.
Gildissvið

Af öllum húseignum í Húnaþingi vestra sem tengst geta fráveitu sveitarfélagsins, skal greiða árlega fráveitugjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem skal varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins, sbr. 21. og 22. gr. samþykktar um fráveitu í Húnaþingi vestra.

2. gr.
Fráveitugjald

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera mat fasteigna þ.e. samanlagt fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,21% af álagningarstofni.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.
Ábyrgð á greiðslu gjalda

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðsréttar með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði sbr. 14. gr. í samþykkt um fráveitu í Húnaþingi vestra nr. 639/2013.

4. gr.
Heimild til lækkunar eða niðurfellingar fráveitugjalds

Við álagningu árlegs fráveitugjalds getur sveitarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 9/2009, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

5. gr.
Tengigjald fráveitu

Tengigjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengst geta fráveitu í eigu Húnaþings vestra. Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir:

110-150 mm. tenging (allt að 20 m löng)	kr.	132.000
200 mm tenging (allt að 20 m löng)	kr.	185.000
250 mm tenging (allt að 20 m löng)	kr.	265.000

Einingarverð samkvæmt samþykkt þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er í nóvember 2020, 148,4 stig og breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu.

Öll gjöld samkvæmt 1. gr. eru, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

6. gr.
Gildistaka

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Húnaþings vestra með vísan til samþykktar um fráveitu í Húnaþingi vestra nr. 639/2013, staðfestist hér með skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og tekur gildi 1. janúar 2021. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjöld vatnsveitu og fráveitu og byggingarleyfis- og þjónustugjöld tæknideildar í Húnaþingi vestra nr. 1098/2018.

Hvammstanga, 26. nóvember 2020.
Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri.